

3. gr.

29

Stofnfé sjóðsins er 10 000 — tíu þúsund — krónur, og hefur Árni Sveinsson afhent Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra féð. Sjóðurinn skal vera í vörzlu félagsins, og skal stjórn sjóðsins ávaxta fé hans á tryggan hátt.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja lamað og fatlað fólk.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir og gjafir, er sjóðnum kynnu að berast. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Úthlutun styrkja úr sjóðnum má hefjast, þegar höfuðstóll sjóðsins nemur 30 000.00 — þrjátíu þúsund — krónum og mega styrkir þá nema hálfum ársvöxtum sjóðsins, en hinn hluta vaxtanna skal ávallt leggja við höfuðstólinn.

6. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera þeir menn, er skipa stjórn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra í Reykjavík á hverjum tíma. Stjórnin skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, og í hana skal færa fundargerðir stjórnarinnar og skrá styrkveitingar úr sjóðnum og annað, er varðar hag hans.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, og skal árlega birta þá í Lögbirtingablaðinu.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 29. desember 1954.

Árni Sveinsson.

S A M Þ Y K K T

30

4. marz

um breyting á jarðræktarsamþykkt fyrir Ræktunarsamþykkt Vestur-Dalásýslu, nr. 70 19. febr. 1947.

18. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa.

Stofnfjárhæð hans er kr. 235 000.00. Meðtalið stofnfjárframlag frá Búnaðarsambandi Dalasýslu. Stofnfé stofnsjóðs er:

1. Fast gjald af hverju lögbýli kr. 675.00 á sambandssvæðinu (undanskilin eyjabýli). Tvíbýli telst 2 lögbýli. Alls kr. 63 500.00.
2. Frá Búnaðarsambandi Dalasýslu kr. 12 500.00.
3. Hluta stofnfjárins, allt að kr. 44 000.00, tekur ræktunarsambandið að láni, eftir því sem þörf krefur, vegna vélakaupa sambandsins.
4. Framlög ríkissjóðs til kaupa á ræktunarvélum og vélavinnsluáhöldum samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, renna í stofnsjóð jafnóðum og þau greiðast til vélakaupa ræktunarsambandsins — og nema þannig allt að helmingi stofnfjárins.
5. Auk þessa fjár leggjast í stofnsjóð tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 17. greinar samþykktarinnar.

- 30 Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar-
 4. marz og húsagerðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20.
 febr. 1946, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftir-
 breytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. marz 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

31

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld hins Almenna kirkjusjóðs Íslands árið 1954.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun	kr. 2373790.58
2. Innlög á árinu	— 234802.71
3. Vextir á árinu:	
a. Af lánum	kr. 49626.20
b. — skuldabréfum	— 35619.25
c. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 18251.53
	<hr/>
	— 103496.98
4. Endurgreitt af lánum	— 99639.84
5. Til jafnaðar við gjaldalið 2	— 603000.00
6. Til jafnaðar við gjaldalið 4	— 63477.43
	<hr/>
	Kr. 3478207.54

Gjöld:

1. Úttekið af innstæðum	kr. 138169.87
2. Lán veitt	— 603000.00
3. Kostnaður	— 8800.00
4. Vaxtaafgangur	— 63477.43
5. Til jafnaðar við tekjulið 4	— 99639.84
6. Eign í árslok:	
a. Í lánum kirkna	kr. 1578456.19
b. Í skuldabréfum	— 705600.02
c. Í Landsbanka Íslands	— 281064.19
	<hr/>
	— 2565120.40
	<hr/>
	Kr. 3478207.54

Biskup Íslands, Reykjavík, 20. janúar 1955.

Ásmundur Guðmundsson.